

Fundargerð Skólaráðs Vatnsendaskóla

16. desember 2013 kl. 8:15

Mættir voru: Guðrún Soffía Jónasdóttir skólastjóri, María Ásmundsdóttir og Jóhanna Kristín Gísladóttir kennarar, Drífa Harðardóttir fulltrúi foreldra, Halldór Sigurjónsson húsvörður og Hekla Hannibalsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

1. **Samræmd Próf:** Guðrún Soffía lagði fram samantekt á niðurstöðum samræmdra prófa í Vatnsendaskóla sl. fjögur ár samanborið við niðurstöður í Reykjavík, nágrenni Reykjavíkur og landið. Þar kemur fram að allajafna kemur Vatnsendaskóli vel út. Hún ítrekaði að menntunarlegt gildi væri fyrir hvern skóla til að skoða stöðu sinna nemenda. Varðandi árangur nemenda í stærðfræði í 10. bekk nú í haust var árangur Vatnsendaskóla framúrskarandi. 29% nemenda í Vatnsendaskóla fengu A á móti 12% hjá nemendum í Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur.
2. **Þróunarverkefni Vatnsendaskóla:** Guðrún Soffía kynnti þrjú þróunarverkefni sem eru í gangi í Vatnsendaskóla:
 - **Byrjendalæsi í 1. – 3. bekk.** Byrjendalæsi er kennsluáferð þar sem unnið er með fjóra meginþætti læsis; lestur, ritun, tal og hlustun. Nemendur í þriðja bekk einblína meira á orðaforða, skilning og ritun ásamt hinum fjórum meginþáttunum. Gengið er út frá því að börn þurfi lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýti undir ímyndunaraflíð, hvetji þau til gagnrýnnar hugsunar og gefur þeim færi á að mynda merkingarbærar tengingar við eigið líf. Vinna með tal, hlustun, lestur og ritun er felld saman í eina heild í byrjendalæsi. Enn fremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, rétttritun, orðaforði, setningabygging, málfræði og skrift tengdir inn í ferlið. Byrjendalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið, því er lögð áhersla á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt. Þróunarverkefnið okkar er nú á sínu öðru ári og fléttast það inn í hinar ýmsu námsgreinar þó svo að íslenskan sé undirstaða verkefnisins. Allir kennarar í 1. – 3. Bekk, ásamt sérkennurum taka þátt í verkefninu og leiðtogi þess í skólanum er Jónína Edda Sævarsdóttir umsjónarkennari í 2. Blóðberg. Ráðgjafi okkar við HA er Þóra Rósa Geirsdóttir en hún fylgir okkur vel eftir og leiðbeinir okkur í þessari skemmtilegu vinnu sem Byrjendalæsi er.
 - **Orð af orði í 4. – 7. Bekk:** Orð af orði er þróunarverkefni sem hefur þann tilgang að efla læsi og námsárangur nemenda. Höfundur og rétthafi verkefnisins er Guðmundur Engilbertsson, lektor við Háskólann á Akureyri. Megintilgangur verkefnisins er að skapa hagnýtt, sveigjanlegt og árangursríkt tæki sem kennarar geta notað til að efla lesskilning, orðaforða og orðvitund og skapa hvetjandi og jákvætt námsumhverfi fyrir nemendur. Höfuðáhersla er lögð á öflugt málumhverfi, samvinnu, samræðu og skapandi vinnubrögð. Við

verkefnavinnuna er námsefnið í hverjum árgangi sá efniviður sem unnið er með. Námsefnið er brotið til mergjar stig af stigi og nemendur læra markvisst að rannsaka, skoða og sundurgreina. Þannig eru hugtök brotin niður og ýmis málfræðiatríði dregin fram, en nemendur læra að vinna í gengum ýmis verkfæri eins og orðaskjóður, krossglímur og hugtakakort svo fátt eitt sé nefnt. Þá er endurbirting hugtaka eða orða mikilvægur þáttur í ferlinu þar sem þau eru notuð aftur (endurbirtast) á fjölbreyttan, greinandi og skapandi hátt. Dæmi um þetta er ljóðagerð, hvers konar ritun, látbragðsleikir, tjáning og leiklist.

- **Uppeldi til ábyrgðar:** Upphafsmáður *Uppeldis til ábyrgðar* er Diane Gossen sem hefur starfsstöð í Kanada en starfar víða um heim. Meginmarkmiðið í kenningum Gossen er að kenna börnum ábyrga hegðun og sjálfstjórn með því að gefa þeim tækifæri til að leiðrétta mistök sín og kenna þeim að uppfylla þarfir sínar á jákvæðan hátt. Litið er á hugtakið mistök sem eðlilegan þátt í lærdómsferli, það sé eðlilegt að gera mistök og að mistökin nýtist sem ákveðið skref í þroska. Einstaklingur fær tækifæri til að takast á við mistök sín á uppbyggilegan hátt, skoða hvað það var sem hann gerði rangt og hvað hann hefði getað gert öðruvísi. Hann lærir að bæta fyrir mistök sín og finnur hvernig hann styrkist af því. Þetta næst ekki ef hann er skammaður eða niðurlægður. Áhersla er lögð á að þjálfarar nemendur í að skoða eigin hegðun og ræða um hvernig þeir ætli að bregðast við sambærilegum aðstæðum næst í stað þess að gera sömu mistökin aftur. Innleiðing á *Uppeldi til ábyrgðar* í Vatnsendaskóla hófst árið 2011. Gert er ráð fyrir að bjóða foreldrum upp á námskeið um þessa stefnu.

3. Önnur mál:

- Varðandi spurningar sem bárust skólastjórnendum þá var þeim svarað og svörin send til þeirra er spurðu. Jafnframt voru svörin aðgengileg á heimasíðu skólans um tíma.
- María kennari talaði um að dyrnar að Dægradvölinni væru mjög hættulegar þar sem þær eru áveðurs. Hurðin er mjög þung og erfitt að halda henni opinni, jafnvel fyrir fullorðna og ef hún stendur opin fýkur allt sem laust er innandyra. Halldór sagði að búið væri að yfirfara alla innganga skólans og votta að þeir stæðust öryggiskröfur. Okkur hafi verið tjáð að það væri okkar ábyrgð að kenna börnum að umgangast skólahúsnæðið á öruggan hátt.
- Guðrún Soffía sagði frá því að verið væri að skoða hvort byggja ætti íþróttahús við Vatnsendaskóla. Gerpla þyrfti stærra húsnæði og í athugun væri hvort byggja ætti við Versali eða nýtt hús við Vatnsendaskóla. Gott væri ef foreldraráð myndi beita sér fyrir þessu því það eru gífurlegir hagsmunir fyrir skólann ef byggt yrði íþróttahús. Kostirnir fyrir okkur væru að kostnaður við akstur myndi minnka sem og kostnaður við gæslu í ferðum. Tími sem nemendur eyða í rútum væri einnig betur varið í nám þeirra. Rútuferðir og

dvöl í stóru íþróttahúsi sem Kórin er reynist oft erfitt fyrir nemendur sem eru með greiningar. Búið er að jarðvegsskipta á lóð Vatnsendaskóla og því væri hægt að hefja framkvæmdir fljótlega.

Fundi slitið kl. 9:30

Fundarritari Hekla Hannibalsdóttir